

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um skyldur presta þà er 102
embættismenn kvongast.**

29. okt.

Stjórnarráðið skal hjermeð mælast til þess, að þjer, háæruv. herra, brýnið fyrir öllum prestum á landinu, að þeir megi ekki gifta embættismenn, sem hafa konungsveitingu fyrir embættum sínum, fyr en þeir með vottorði frá stjórnarráðinu hafi sannað, að þeir sjeu undanþegnir þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, eða þeir hafi sannað, að þeir hafi sent stjórnarráðinu beiðni um að gjöra ráðstafanir um lögboðna ekkjuframfærslu. Alls hins sama eiga prestar að gæta, þegar þeir gifta presta, sem eru skyldir til að kaupa ekkjum sínum lifeyri eftir lögum nr. 49, 16. nóv. 1907, og varðar við lög ef útaf því er brugðið.

Þegar prestar, sem áður eru kvongaðir, komast undir hin tilvitnuðu lög, og verða skyldir til að kaupa ekkjum sínum lifeyri, þá þarf stjórnarráðið að fá tilkynningu frá biskupi um það, til þess að geta gjört nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að presturinn tryggi ekkju sinni lifeyri.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um að skylduiðgjöldum presta
til líffjárstofnunar ríkisins verði haldið eftir af launum þeirra. 103**

Stjórnarráðið hefir í dag skrifað gjaldkera prestlaunasjóðsins, sem jafn- 29. okt.
framt er gjaldkeri landssjóðs, á þessa leið:

»Eftir að hafa fengið álit biskupsins um það, hvernig haga skuli innheimtunni á iðgjöldum presta til lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, sem landssjóði er skylt að greiða fyrirfram erlendis, leggur stjórnarráðið fyrir yður, herra gjaldkeri, að halda iðgjöldunum inni af launum hlutaðeigandi prests, alstaðar þar sem því verður komið við, eða þar sem presturinn á að fá laun úr prestlaunasjóði, og að senda hlutaðeigandi prófasti kvittun fyrir upphæðinni, sem þjer hafði haldið eftir, til þess að hann geti afhent prestinum kvittun yðar sem greiðslu upp í launin. Peningana, sem þjer haldið eftir, greiðið þjer í landssjóðinn áleiðis til lífsábyrgðarstofnunar ríkisins.«

Þetta er hjermeð, háæruverðugi herra, gefið yður til vitundar.

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans um stofnun pósta-
greiðslna í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vík í Mýrdal. 104**

12. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið, að stofna póstafrageiðslur í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vík í Mýrdal.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstafrageiðslumannasýslanirnar á nefndum stöðum lausar.